

6. gr.

Tekjur Umhverfisstofnunar eru:

- a. Fjárveitingar á fjárlögum.
- b. Styrkir til einstakra verkefna.
- c. Greiðslur fyrir umbeðin verkefni.
- d. Gjafir.

Stofnunin hefur sjálfstæðan fjárhag. Fjárlagatillögur hennar skulu vera sérstakur liður í fjárlagatillögum háskólans, sjá þó 7. gr. reglugerðar þessarar.

7. gr.

Nú er starfsemi Umhverfisstofnunar Háskóla Íslands í frjálsri samkeppni við atvinnu- starfsemi annarra aðila og skal þá gætt ákvæða 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og sé sá þáttur starfseminnar fjárhagslega aðskilinn annarri starfsemi Háskóla Íslands og ekki niðurgreiddur hvorki af tekjum af annarri starfsemi háskólans né fjárframlögum til hans.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990, sbr. 65. gr. reglugerðar fyrir Háskóla Íslands, nr. 98/1993, með áorðnum breytingum, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 28. janúar 1997.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Skorradalshreppi árið 1997.

1. gr.

Hreppsnefnd Skorradalshrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald árið 1997.

2. gr.

Gjaldið er kr. 2.000 á hvert sumarhús og hvert býli í hreppnum.

3. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að gilda fyrir árið 1997.

Umhverfísráðuneytinu, 6. febrúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.